

Kennsluáætlun



Fjölbrautaskóli Snæfellinga
Grandsbergú 44 • 350 Grandsbergjökull • Sími: 430 0400

Áfangi:	Vist- og umhverfisfræði
Kennari:	Árni Ásgeirsson
Önn:	Haustönn 2020
Áætlun unnin:	Ágúst 2020

Áfangalýsing: Í þessum áfanga er lögð áhersla á að veita nemendum yfirsýn yfir vistfræðina sem fræðigrein svo og að fá innsýn í umhverfisfræðina. Sérstök áhersla er lögð á sérstöðu Íslands, helstu gerðir vistkerfa og vistfræði- og atferlisrannsóknir, helstu nytjadýrastofna lands- og sjávar/ferskvatns, villt spendýr og fuglar. Helstu hugtök vistfræðinnar eru tekin fyrir og ætlast til þess að nemendur geti nýtt sér þau í framsetningu verkefna sinna.

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnhugtökum vistfræðinnar og stefnum innan hennar
- gerðum vistkerfa og hvaða öfl móta þau
- innbyrðis tengslum lífvera og tengslum lífvera við ólífrænt umhverfi sitt
- orkuflæði innan vistkerfa, fæðukeðjum, efnahringrásum og stofnstærðarmælingum
- íslenskum vistkerfum og sérstöðu íslenskrar náttúru
- íslenskum nytjastofnum og algengustu hryggdýrategundunum
- umhverfisvernd og ábyrgð neytenda í umhverfismálum

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- nýta upplýsingatækni við öflun upplýsinga og heimilda við verkefnavinnu
- afla upplýsinga úr fræðigreinum og vinna úr þeim eigið kynningarefni; greina aðalatriði úr
- koma fram og kynna/sýna afrakstur verkefnavinnu/heimildavinnu

- taka niður aðalatriði úr kynningarefni annarra í áfanganum
- taka þátt í umræðum um viðfangsefni áfangans og tjá skoðanir sínar þeim aðlútandi

Hæfnimarkmið:

- sjá/gera sér grein fyrir gildi líffræðilegar fjölbreytni
- nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi þekkingar á vistfræði við ákvörðunartöku mannsins þegar kemur að nýtingu og framkvæmdum
- taka ábyrgð á eigin lífsháttum; vera ábyrgari neytandi
- verða meðvitaður um gildi umhverfisverndunar og afleiðingar mengunar
- takast á við frekara nám í umhverfis- og náttúrufræði

sem metið er með:

Verkefnum og leiðsagnarmati.

Námsefni:

Nemendur fá námsefni hjá kennara.

Námsmat:

Verkefnaeinkunn (%):	Lokaverkefni	10%
	Verkefni	55%
	Umræður	15%
	Hlutapróf	20%

Skipulag náms:

Um skilafrest og vanskil:

Skilafrestur á verkefnum er á föstudögum fyrir miðnætti og verður ekki tekið við verkefnum eftir þann dag. Öllum beiðnum um frest mun verða vísað á skólameistara.

Áætluð yfirferð:		
Vikur	Efni	Skil á verkefnum og próf
34. vika 16.-22. ág. 19. ág. – fyrsti kennslud.		
35. vika 23. – 29. ág.	Vistfræði hlutinn Vistfræði- hringrás vatns	Verkefni 1.
36. vika 30. ág. – 5. sept.	Tengsl lífvera í vistkerfum. Ólífrænir og lífrænir þættir	Verkefni 2.
37. vika 6.-12. sept.	Stofnar og stofnútreikningar	
38. vika 13.-19. sept. Framhaldsd. 15.-18. sept.	Stofnar og stofnútreikningar	Verkefni 3.
39. vika 20.-26. sept. 24. og 25. sept. – námsmatsd. 28. sept. – 1. umsögn	Lífbelti jarðar, sjálfbær þróun, vistspor og líffræðileg fjölbreytni	Verkefni 4.
40. vika 27. sept. – 3. okt.	Hlutapróf Lífbelti jarðar, sjálfbær þróun, vistspor og líffræðileg fjölbreytni	Próf
41. vika 4.-10. okt.	Umhverfisfræði hlutinn Mengun, ósonlag, gróðurhúsaáhrif, loftslagsbreytingar og loftslagsverkfræði	Verkefni 5.
42. vika 11.-17. okt.	Hugtök í umhverfisfræði	Verkefni 6.

43. vika 18.-24. okt. 20.-23. okt. Framhaldsd.	Hugtök í umhverfisfræði	Verkefni 6.
44. vika 25.- 31.okt.	Mengun	Verkefni
45. vika 1.-7. nóv.	Mengun	Verkefni
46. vika 8.-14. nóv. 9. og 10. nóv. - námsmatsd. 11. nóv. – 2. umsögn	Tré og Vistkerfi	Verkefni
47. vika 15.-21. nóv.	Tré og Vistkerfi	
48. vika 22. -28.nóv.	Maður og náttúran	Verkefni
49. vika 29.nóv.- 5.des Framhaldsd. 1.-4. des.	Maður og náttúran Hlutapróf 2. Verkefnadagar	
50. vika 6.-12. des.	7. des verkefnadagur Námsmat	
51. vika 13.-19.des	Námsmat Útskrift 19. desember	

Birt með fyrirvara um breytingar, Árni Ásgeirsson